

Mánudaginn 10. nóvember 1969.

Nr. 62/1969. **Ásdís Ástþórsdóttir**
(Benedikt Blöndal hrl.)
og Helgi Scheving (enginn)
gegn
Verksmiðjunni Fötum h/f
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávisun. Útivist.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. marz 1969. Þeir áfrýjuðu málinu upphaflega með stefnu 22. apríl 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s. m., en útivistardómur gekk í því máli hinn 3. marz 1969. Er málið var tekið fyrir í Hæstarétti til munnlegs flutnings hinn 7. þ. m., var eigi sótt þing af hendi áfrýjanda Helga Schevings, en bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta hinn 30. júní 1969, og fellur mál hans því niður.

Áfrýjandi Ásdís Ástþórsdóttir krefst þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og að stefnda verði dæmt að greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og málskostnaður fyrir Hæstarétti óskipt úr höndum áfrýjanda.

Áfrýjendur gengu í hjónaband hinn 6. maí 1961. Með kaupmála 4. s. m. varð íbúð á 4. hæð í húsinu nr. 153 við Hvassaleiti í Reykjavík séreign áfrýjanda Ásdísar Ástþórsdóttur svo og arður af íbúðinni og það, sem kynni að verða keypt fyrir andvirði íbúðarinnar. Samkvæmt skattframtali áfrýjanda Helga Schevings var íbúð þessi seld árið 1968 á nauðungarupphóði „til lúkningar ábyrgðarskuldbindingum vegna Yls h/f, Sauðárkróki, en það félag varð gjaldþrota 1967, og gekk allt andvirðið kr. 1.250.000.00 til greiðslu á þeim“. Samkvæmt lóðarleigusamningi, dags. 7. marz 1967, seldi bæjarstjórn Sauðárkróks áfrýjanda Helga Scheving á

leigu lóðina nr. 9 við Smáragrund, Sauðárkróki. Leigutaka var heimilt að selja rétt sinn til lóðarinnar. Hann framseldi áfrýjanda Ásdís Ástþórsdóttur leiguréttinn hinn 3. apríl 1967, og var lóðarleigusamningnum ásamt framsalinu þinglýst. Fokhelt íbúðarhús var síðan byggt á lóðinni.

Mál þetta fjallar um fjárnám, sem að kröfu stefnda var gert í greindri fasteign, Smáragrund 9, hinn 29. september 1967, til tryggingar dómskuld áfrýjanda Helga Schevings að fjárhæð kr. 155.524.00, vöxtum og kostnaði samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur hinn 21. apríl 1967. Reisir áfrýjandi Ásdís Ástþórsdóttir kröfu sína á því, að hin fjárumda eign hafi verið séreign hennar eða a. m. k. hjúskapareign, þegar fjárnámið fór fram, þar sem eignin sé reist fyrir arð af fasteign hennar að Hvassaleiti 153 í Reykjavík. Stefndi telur með öllu ósannað, að þessum arði hafi verið varið til byggingar hússins að Smáragrund 9.

Af hálfu áfrýjenda hefur þess ekki verið freistað að gera fullnægjandi grein fyrir þeim fjármunum, sem varið var til að reisa húsið að Smáragrund 9. Sjálf hafa þau ekki komið fyrir dóm til að gefa glöggar skýrslur um það efni, eins og þeim bar, sbr. 114. gr. laga nr. 85/1936. Er málið því svo vanreifað af þeirra hálfu, að vísa ber því frá Hæstarétti.

Áfrýjendur greiði óskipt stefnda kr. 25.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjendur, Ásdís Ástþórsdóttir og Helgi Scheving, greiði stefnda, Verksmiðjunni Fötum h/f, óskipt kr. 25.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámserð fógetadóms Sauðárkróks 29. september 1967.

Ár 1967, föstudaginn 29. september, var fógetadómur Sauðárkróks settur í skrifstofu embættisins að Víðigrund 5 og haldinn af Jóhanni Salberg Guðmundssyni bæjarfógeta með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið nr. 33/1967: Verksmiðjan Föt h/f gegn Yl h/f o. fl.

Fyrir gerðarbeiðanda sækir þing Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður og leggur fram nr. 1—2 fjárnámsbeiðni og endurrit dóms, svohljóðandi (Fylgir í ljósriti).

Fyrir gerðarpola er þing eigi sótt af hans hálfu, en að tillhlutun fógeta sækir þing Sigurgeir Þórarinsson skrifstofumaður til þess að gæta réttar gerðarpola.

Lögmaður gerðarbeiðanda krefst fjárnáms hjá Helga Scheving, Hólavegi 9 hér í bæ, til tryggingar kr. 155.524.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 50.000.00 frá 10. marz 1966 til 10. maí s. á., af kr. 100.000.00 frá þeim degi til 10. júní s. á. og af kr. 155.524.00 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 374.00 í stimpilkostnað, kr. 510.00 í afsagnarkostnað og kr. 18.450.00 í málskostnað auk alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Þess er getið, að gerðin var byrjuð að Hólavegi 9, síðan framhaldið að Smáragrund 9 og loks í skrifstofu embættisins.

Fógeti skoraði á mætta fyrir gerðarpola að greiða kröfuna, en það kvaðst hann eigi geta gert. Skoraði fógeti þá á hann að benda á eignir til fjárnáms. Benti hann þá á húseign gerðarpola nr. 9 við Smáragrund hér í bæ (skráða á nafn konu gerðarpola, Ásdísar Ástþórsdóttur).

Gerðarbeiðandi tók eignina gilda til fjárnáms, og er fallið frá virðingu.

Lýsti fógeti þá fjárnámi í nefndri eign til tryggingar framangreindum kröfum.

Fógeti brýndi þýðingu gerðarinnar fyrir mætta og fól honum að tilkynna gerðarpola um fjárnámið.
